

M-1/2006 Álit 21. nóvember 2006

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. nóvember 2006 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-1/2006:

### I

#### Álitaefni, kröfugerð og rökstuðningur

Hinn 29. september sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit varðandi kaup hennar hinn 11. mars 2004 á leðursófasetti hjá Y, hér eftir nefndur gagnaðili. Málið var áður til meðferðar hjá Neytendasamtökunum.

Álitsbeiðandi kveðst gera þær kröfur á hendur Y **aðallega** að seljandi annist á sinn kostnað úrbætur á sófasettinu þannig að það verði ekki lakara að útliti og gæðum en sambærileg sófasett hjá öðrum seljendum. **Til vara** að seljandi afhendi að nýju ógallað sams konar sófasett eða sambærilegt. **Til þrautavara** að seljandi endurgreiði kaupverðið ásamt vöxtum og vísitöluálagi á kaupverðið miðað við breytingar á neyslúvísitölu til verðtryggingar frá kaupdegi til greiðsludags.

Álitsbeiðendur segja að tvímælalaust sé að leðrið í sófasettinu sé gallað eins og komi fram í álitum tveggja fagmanna. Er um gallana vísað til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (17. og 18. gr.) og laga um neytendakaup nr. 48/2003 (15. og 16. gr.).

### II

#### Helstu efnisatriði í viðskiptum aðila samkvæmt gögnum málsins

Hinn 16. júní 2006 rituðu álitsbeiðandi og Z (umboðsmaður X), Neytendasamtökunum bréf um kaup sín á leðursófasettinu og að seljandi hefði gefið upp hvaða leðurfeiti hann teldi besta til að viðhalda leðrinu. Í maí 2005 hefði feitin í fyrsta skipti verið borin á og þá hefði komið í ljós að ein setan hafi verið með ljósum blettum sem ekki hefðu náðst af heldur orðið stærri og stærri. Í ágúst, september og nóvember hafi þau hringt í seljandann en hann alltaf borið við önnur. Seljandinn hafi lofað að hringja til baka sem hann hafi ekki gert. Hinn 21. febrúar 2006 hafi maður komið frá seljanda, tekið mynd af sófanum og sagst myndu hafa samband, sem hann hafi ekki gert. Hinn 2., 7., 8., 10. og 13. mars hafi verið hringt í seljanda. Það hafi engan árangur borið nema 10. mars hafi V, sem mun vera forsvarsmáður seljanda, sagt að sýni þyrfti að taka úr sófanum. Myndi hann senda mann til þess og hringja áður en hann kæmi. V hafi og lofað þessu í síðari samtölum.

Hinn 31. mars hafi maður að nafni Þ frá ÞÞ bólstrun komið, en síðar hafi komið í ljós í símtali við V í maí að Þ hafi týnt gögnunum um sófann. Þ hafi komið aftur og skoðað sófann. Lýst er í framhaldi bréfsins áframhaldandi samskiptum kaupenda og seljanda sem hafi verið miður vinsamleg.

Þá hafi þau hringt í Þ sem hefði sagt að ekkert lægi fyrir skriflegt um skoðunina en hann hefði sagst hafa fært V þau skilaboð að sófasettið væri gallað og jafnframt lýst því að gallar hefðu komið fram í leðri sömu tegundar.

Í bréfi Neytendasamtakanna til Z og X dags. 16. ágúst 2006, kemur fram að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi samtökin engin viðbrögð fengið frá Y.

Í beiðninni um álitgerð, sem samin er af lögmanni, er lýst hinum sömu atriðum og í bréfi álitshandanda til Neytendasamtakanna, sem rakin eru að framan. Til viðbótar er greint frá því að í maí 2005 hafi komið í ljós fleiri stærri, ljósir blettir á sófasettinu og geti svo haldið áfram. Álitshandandi hafi leitað til fyrirtækisins ÞÞ, þar sem maður að nafni Þ hafi verið í forsvari. Þ hafi talið sennilegast að yfirborðið á leðrinu væri gallað og sagt í tölvubréfi, sem dags. er 5. sept. sl.: „Mér sýnist þetta heljardýrt. Leðrið kostar áreiðanlega um kr. 175.000 og vinnan ekki minna en kr. 200.000. Sá ekki vel á myndunum hvað gæti verið að, en sennilegast er það yfirborðið á leðrinu sem er gallað.“ Samkvæmt reikningi Y frá 11. mars 2004 kostaði sófasettið kr. 179.000.

### III

#### Málsmeðferð kæruneðndarinnar

Hinn 6. október sl. ritaði kæruneðndin Y bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum. Frest til þess veitti neðndin til 20. október sl. Engin andsvör hafa borist neðndinni. Hinn 14. nóvember ritaði kæruneðndin aðilum bréf og tilkynnti þeim að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

### IV

#### Niðurstaða kæruneðndarinnar

Kæruneðnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitshandanda og Y falli undir valdsvið neðndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Það er álit neðndarinnar að álitshandandi hafi sinnt tilkynningaskyldu sinni í samræmi við 27. gr. sömu laga.

Það er og álit neðndarinnar að nægilega sé í ljós leitt að leðursófasett það sem álitshandandi keypti hjá Y sé gallað í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 og töluverðar líkur séu á að gallarnir eigi eftir að aukast að umfangi, þar sem þeir hafa smám saman verið að koma í ljós. Sem fyrr segir hefur Y verið gefinn kostur á andsvörum en fyrirtækið engum andsvörum hreyft. M.a. í ljósi þess er það niðurstaða kæruneðndarinnar að gallar á sófasettinu, eins og þeim hefur verið lýst, verði að teljast verulegir.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Álitshandendur gera aðallega kröfu um að gallarnir verði lagfærðir, til vara að þau fái nýtt ógallað sófasett og til þrautavara að þeim verði endurgreitt kaupverðið með vöxtum og vísitöluálagi. Þessar kröfur rúmast innan ákvæða 26. gr. laga nr. 48/2003, en samkvæmt þeirri lagagrein getur neytandi einnig krafist afsláttar.

Samkvæmt reikningi fyrir sófasettið, dags. 11. mars 2004, sýnist vera um að ræða einn þriggja sæta sófa, einn tveggja sæta sófa og einn stól. Verðið er kr. 179.000 sem sýnist hafa verið hagstætt, eða þá að gera hafi mátt ráð fyrir að verðið væri í samræmi við gæði. Um það er þó ekkert hægt að fullyrða samkvæmt gögnum málsins.

Það er álit bólstrara, gefið 5. september sl., að úrbætur á göllum á sófasettinu, þ.e. að skipta um áklæði, myndu a.m.k. kosta kr. 375.000. Verður að telja slíkar úrbætur svo dýrar, miðað við kaupverð sófasettsins, enda þótt tekið sé tillit til vísitöluhækkana frá því að sófasettið var keypt og þar til bólstrarinn gaf álit sitt, að ósanngjarnt væri að leggja þær á seljanda, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003. Þykja kaupendur því ekki eiga rétt til

Þess að krefjast úrbóta. Kærunefndin álitur að kaupendurnir geti krafist nýrrar afhendingar, sbr. b. lið 26. gr. og 29. gr. laganna. Verði ekki af nýrri afhendingu álitur kærunefndin að kaupendurnir eigi rétt á því, þar sem telja verður gallana ekki óverulega, að rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt samkvæmt ákvæðum 50. gr. laganna. Af þessu myndi leiða að í báðum tilvikum bæri kaupendum að skila seljanda sófasettinu sem þau keyptu af honum á sínum tíma. Þá er það álit kærunefndarinnar að kaupendur eigi rétt á því að krefjast afsláttar af kaupverðinu í stað riftunar samkvæmt ákvæðum c. liðar 26. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 48/2003.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

